

**BORGARRÁÐ 4. apríl 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um lóðir við Blesugróf - R19040060**

1. Tilkynnt var um sölu lóðanna að Blesugróf 30, 32 og 34 í desember 2014 en lóðarleigusamningi er þinglýst á Blesugróf 34 í september 2017. a) Hvað gerist á þessu þriggja ára tímabili? b) Hver er eigandi lóðarinnar? c) Var kaupverð greitt?

2. Hvorki kaupsamningi né afsali hefur verið þinglýst á lóðina. Hvernig getur Sýrfell ehf. leitt eignarrétt sinn að lóðinni til lóðarleigusamnings, dags. 17. ágúst 2017? 3. Samkvæmt frétt um sölu lóða frá desember 2014 var kaupverð pr. lóð kr. 13.000.000. Af þinglýstum skjölum virðist Sýrfell ehf. hafa gefið út veðskuldabréf til Reykjavíkurborgar þann 18. desember 2014, að höfuðstólsfjárhæð kr. 10.400.000, sem ætla verður að hafi átt að vera hluti af greiðslu kaupverðs. Þrátt fyrir það áttu afborganir ekki að hefjast fyrr en þann 23. október 2017. a) Eru þetta eðlilegur framgangur við kaup á lóð af Reykjavíkurborg, þ.e. að borgin láni fyrir nánast öllu kaupverðinu? b) Hvernig getur Sýrfell ehf. verið skráður eigandi lóðarinnar þegar kaupverð hefur að nánast engu leyti verið greitt (þ.e. ef þinglýst skjöl eru rétt að þessu leyti)? c) Ef þinglýst skjöl eru ekki rétt - er búið að greiða kaupverð lóðanna og með hvaða hætti var það gert? 4. Af skilmálabreytingu veðskuldabréfsins, dags. 5. janúar 2018, verður helst ráðið að ekkert hafi verið greitt af veðskuldabréfinu, sem gefið hafði verið út 14. desember 2014. Þrátt fyrir það var tiltekið í skilmálabreytingunni að höfuðstóll lánsins væri óbreyttur og að vextir skyldu fyrst reiknast frá 17. ágúst 2017 með óbreyttum vaxtakjörum. a) Hvernig kom þessi skilmálabreyting til? b) Er það í tengslum við gerð lóðarleigusamnings? c) Af hverju er veðskuldabréf, dags. 14. desember 2014, vegna ætlaðra kaupa á lóð, sem þegar hafa verið framkvæmd samkvæmt skráningu í þinglýstum gögnum, vaxtalaust til 17. ágúst 2017? 5. Hvaða aðili er það sem gerir tillögu að hinu breytta deiliskipulagi Blesugrófar? Er það Sýrfell ehf. eða Reykjavíkurborg?